

Kennarastýrður HLJÓÐLESTUR

Scaffolded silent reading

Aldurshópur

Ætlað öllum nemendum sem eru tilbúnir að lesa í hljóði eða eru farnir að lesa í hljóði.

Um aðferðina

Í umfjöllun um yndislestur á *Læsisvefnum* kemur fram að hljóðlestrarstund (e. sustained silent reading) í 10–20 mínútur á dag án afskipta, eftirfylgni eða endurgjafar kennara er ekki líkleg til að gagnast öllum nemendum og að slík stund nýtist eingöngu nemendum sem þegar hafa yndi af lestri og hafa náð góðri færni í lestri. Eftir sitji þeir sem þurfa meiri hvatningu og stuðning til að ná meiri lestrarfærni.

Lestarfærni nemenda í bekk getur verið mismikil og áskoranirnar margar sem kennarar þurfa að glíma við í þessum efnum. Kennarar hafa sett hljóðlestrarstundir á laggirnar til að nota þó einhvern tíma til að efla lestur nemenda sinna en það er mikilvægt fyrir þá að átta sig á að ekki leiðir allur lestur, eða lestur í hvaða mynd sem er, til náms eða framfara í lestri. Það er því mikilvægt að hljóðlestrarstundirnar séu settar í gagnlegan farveg og er kennarastýrður hljóðlestur ein leið sem hægt er að fara í þeim efnum.

Í töflunni má sjá samanburð á hljóðlestrarstund og á því sem kalla mætti kennarastýrðan hljóðlestur. Reutzel, Jones, Fawson og Smith (2008, bls. 197) þróuðu aðferðina til að auðvelda nemendum yfirfærslu frá raddlestri yfir í hljóðlestur en aðferðin er einnig góður rammi utan um hljóðlestrarstundir svo þær nýtist betur.

Markmið aðferðar

- Að auðvelda nemendum yfirfærslu frá raddlestri yfir í hljóðlestur.
- Að veita kennara betri upplýsingar um stöðu nemenda sinna í lestri.
- Að nýta hljóðlestrarstundir með markvissari hætti þannig að þær nýtist öllum nemendum.

Gögn

Aðferðin krefst ekki annarra gagna en góðs og fjölbreytts bókakosts. Alþjóðlegu læsisamtökin hafa gefið út viðmið varðandi stærð bekkjarbókasafna en samkvæmt þeim á að miða við 10 titla á hvern nemanda af vönduðu efni og fjölbreyttum textategundum. Ekki hafa allir skólar tök á að byggja upp bekkjarbókasöfn í öllum bekkjum en þá er mikilvægt að bókakostur skólasafnsins sé góður og aðgengi nemenda að því sé gott. Samtökin hafa jafnframt bent á að gott bekkjarbókasafn auki lestartíma nemenda inni í bekk um 50-60% og þrátt fyrir að skólar hafi ekki tök á að byrja stórt þá er mjór mikils vísir. Uppbygging sameiginlegs bekkjarbókasafns er verkefni sem getur leitt til öflugri lestrarmenningar inni í bekk en það ætti ekki aðeins að vera verkefni skólans eða kennarans heldur einnig nemenda og foreldra.

Í verkefninu *Bekkjarbókasafn verður til á Læsisvefnum* er að finna leiðbeiningar varðandi það hvernig hægt er að byggja upp gott bekkjarbókasafn og hvaða leiðir eru færar þegar afla á góðs bókakosts fyrir það. Munið að mjór er mikils vísir og það er um að gera að byrja bara!

Framkvæmd

Framkvæmdin birtist fyrst og fremst í fyrirkomulaginu sem lýst er í töflunni en innan þess geta kennarar sjálfir ákveðið áherslur og hversu mikið þeir vilja stýra nemendum sínum. Lykilatriðið er að með þessari umgjörð fá kennarar miklu betri upplýsingar um stöðu nemenda sinna í lestri og geta kennt, hvatt og stutt þá betur en ef tímanum er einungis varið í að láta alla lesa í hljóði án eftirfylgni og endurgjafar.

Heimild

Reutzel, D. R., Jones, C. D., Fawson, P. C. og Smith, J. A. (2008). *Scaffolded silent reading: A complement to guided repeated oral reading that works!* *The Reading Teacher* 62(3). Bls. 197–207.

Samanburður á hljóðlestrarstund og kennarastýrðum hljóðlestri

Áherslupættir	Hljóðlestrarstund (sustained silent reading)	Kennarastýrður hljóðlestur (scaffolded silent reading)
Hlutverk kennarans	Kennari er nemendum fyrirmynd með því að sitja og lesa sjálfur bók að eigin vali á meðan á lestrarstund stendur.	Kennari kennir nemendum gagnlegar leiðir við val á lesefni.
Bekkjarbókasafnið	Fjölbreytt lesefni til staðar í kennslustofu.	Fjölbreytt lesefni (textategundir) til staðar í kennslustofu. Lesefni flokkað eftir þyngd.
Áhugahvöt og skuldbinding	Nemendur hvattir til að velja sér lesefni sem vekur áhuga þeirra.	Vali nemenda stýrt til að hvetja hann til að lesa fjölbreyttar textategundir.
Þyngd texta	Nemendum leyft að velja sér bækur óháð þyngdarstigi lesefnis.	Kennari hjálpar nemendum að velja lesefni á réttu þyngdarstigi (ekki of létt og ekki of þungt).
Markmið með lestrinum	Að auka áhuga nemenda á lestri.	Að auka lestraráhuga, lesfimi og lesskilning.
Eftirfylgni og endurgjöf kennara	Ekki til staðar.	Kennari fundar stutt og reglulega með hverjum nemanda til að veita upplýsingar um stöðuna.
Ábyrgð nemandans	Engin áhersla lögð á ábyrgð nemandans.	Nemandinn les upphátt fyrir kennarann, svarar spurningum úr efni texta, setur sér markmið varðandi það hvenær hann ætlar að ljúka lestri bókar, velur sér úrvinnsluleið og skiladag.